

# *Summer Concerts* *2009*

SIGURJÓN ÓLAFSSON  
MUSEUM

*Sumartónleikar 2009*



# Sumartónleikar

ÞRIÐJUDAGINN 7. JÚLÍ KL. 20:30

**Emilía Rós Sigfúsdóttir** flautuleikari og **Siu Chui Li** píanóleikari. *Sónata* í e moll BWV 1034 eftir J.S. Bach, *Rising from the Ashes* eftir Tarek Younis, *Sónatína* eftir Pierre Sancan og *Tilbrigði og stefum Trockne Blumen* eftir Franz Schubert.

ÞRIÐJUDAGINN 14. JÚLÍ KL. 20:30

**Anna Guðný Guðmundsdóttir** píanóleikari leikur kafla úr *Vingt regards sur l'Enfant-Jésus* (Tuttugu tillit til Jesúbarnsins) eftir Olivier Messiaen.



ÞRIÐJUDAGINN 21. JÚLÍ KL. 20:30

**Claudia Kunz** sópran og **Ulrich Eisenlohr** píanóleikari flytja þýska og franska ljóðasöngva eftir Joseph Haydn, Johannes Brahms, Claude Debussy og Gustav Mahler.

ÞRIÐJUDAGINN 28. JÚLÍ KL. 20:30

**Grímur Helgason** klarinettuleikari og **Hrönn Þráinsdóttir** píanóleikari. Verk eftir Claude Debussy, Þorkel Sigurbjörnsson, Arnold Bax, Francis Poulenc og Jean Françaix.



ÞRIÐJUDAGINN 4. ÁGÚST KL. 20:30

**Elfa Rún Kristinsdóttir** fiðluleikari og **Michael Rauter** sellóleikari. Dúó eftir Heinz Holliger, Bohuslav Martinu, J.S. Bach, Iannis Xenakis, Matthias Pintscher og Giacinto Scelsi.

ÞRIÐJUDAGINN 11. ÁGÚST KL. 20:30

Tvíeykið **Funi. Bára Grímsdóttir** og **Chris Foster** flytja íslensk og ensk þjóðlög og leika undir á gítar, kantele, íslenska fiðlu og langspil. Jafnhliða sýna þau skuggamyndir sem gefa heillandi innsýn í lögin.

ÞRIÐJUDAGINN 18. ÁGÚST KL. 20:30

**Einar Clausen** tenór og **Sólveig Anna Jónsdóttir** píanó. *Sumarkvöld við sæinn*. Innlend og erlend sönglög úr ýmsum áttum.



ÞRIÐJUDAGINN 25. ÁGÚST KL. 20:30

**Snorri Sigfús Birgisson** og **Anna Guðný Guðmundsdóttir** píanóleikarar og **Pétur Grétarsson** slagverksleikari. *Five Pieces* eftir Györgi Ligeti.

Tvö tónverk eftir Snorra Sigfús Birgisson: *Fjögur lög úr Norður-Múlasýslu* (2008) leikið fjórhent á píanó og *Fimm kvæði* (2008) fyrir slagverk og píanó - *frumflutningur*. Þrjú verk eftir Ólaf Óskar Axelsson - *frumflutningur*.



ÞRIÐJUDAGINN 1. SEPTEMBER KL. 20:30

**Gunnar Kvaran** sellóleikari. *Svíta* fyrir einleiksselló nr. 1 í G dúr BWV 1007 eftir J.S. Bach. *Frumflutningur* á nýju verki fyrir selló eftir Mist Þorkeldsdóttur. *Svíta* fyrir einleiksselló nr. 6 í D dúr BWV 1012 eftir J.S. Bach.

# Summer Concerts

TUESDAY JULY 7<sup>TH</sup> AT 20:30

**Emilía Rós Sigfúsdóttir** flute and **Siu Chui Li** piano. *Sonata in e minor* BWV 1034 by J.S. Bach, *Rising from the Ashes* by Tarek Younis, *Sonatine* by Pierre Sancan and *Introduction & Variations on Trockne Blumen* by Franz Schubert.



TUESDAY JULY 14<sup>TH</sup> AT 20:30

**Anna Guðný Guðmundsdóttir** piano. *Regards I – X* from *Vingt regards sur l'Enfant-Jésus* (Twenty Gazes on the child Jesus) by Olivier Messiaen.

TUESDAY JULY 21<sup>TH</sup> AT 20:30

**Claudia Kunz** soprano and **Ulrich Eisenlohr** piano. German and French lieder by Joseph Haydn, Johannes Brahms, Claude Debussy and Gustav Mahler.



TUESDAY JULY 28<sup>TH</sup> AT 20:30

**Grímur Helgason** clarinet and **Hrönn Þráinsdóttir** piano. Compositions by Claude Debussy, Þorkell Sigurbjörnsson, Arnold Bax, Francis Poulenc and Jean Françaix.

TUESDAY AUGUST 4<sup>TH</sup> AT 20:30

**Elfa Rún Kristinsdóttir** violin and **Michael Rauter** cello. Duos by Heinz Holliger, Bohuslav Martinu, J.S. Bach, Iannis Xenakis, Matthias Pintscher and Giacinto Scelsi.



TUESDAY AUGUST 11<sup>TH</sup>

AT 20:30

**Funi. Bára Grímsdóttir** and **Chris Foster** perform Icelandic and English folk-songs accompanied by guitars, kantele, and Icelandic string instruments.

TUESDAY AUGUST 18<sup>TH</sup> AT 20:30

**Einar Clausen** tenor and **Sólveig Anna Jónsdóttir** piano. *Summer evening by the Ocean*. Songs of various origin.

TUESDAY AUGUST 25<sup>TH</sup> AT 20:30

**Snorri Sigfús Birgisson** piano, **Anna Guðný Guðmundsdóttir** piano and **Pétur Grétarsson** percussion. *Five Pieces* by György Ligeti. Two compositions by Snorri Sigfús Birgisson: *Four Songs from the North-East of Iceland* (2008) for piano, four hands and *Five Poems* (2008) for piano and percussion - *premiere*. Three pieces for piano by Ólafur Óskar Axelsson - *premiere*.



TUESDAY SEPTEMBER 1<sup>ST</sup> AT 20:30

**Gunnar Kvaran** cello. *Suite no. 1* in G major BWV 1007 by J.S. Bach. A new work by Mist Þorkeldsdóttir - *premiere*. *Suite no. 6* in D major BWV 1012 by J.S. Bach.

# Sumartónleikar

**Emilía Rós Sigfúsdóttir** lauk burtfararprófi í flautuleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 2003 þar sem hún lærði hjá Bernharði Wilkinson og Hallfríði Ólafsdóttur. Hún stundaði framhaldsnám við Trinity College of Music í London og lauk þaðan Postgraduate Diploma gráðu 2004 með hæstu einkunn. Frá 2006 hefur hún verið við meistaranám hjá Susan Milan við Royal College of Music í London og mun útskrifast í júlí í ár. Hún hefur tekið þátt í flautunámskeiðum hjá Jeanne Baxtresser, William Bennett, Robert Dick, Paul Edmund-Davies, Sir James Galway, Áshildi Haraldsdóttur, Peter Lloyd, Lorna McGhee, Jaime Martin og Manuelu Wiesler.



Emilía Rós hefur komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit Trinity College of Music og Orquestra Sinfonica Nacional í Brasilíu og leikið fjölmarga einleikstónleika á Íslandi, Bretlandi, Kanada og Möltu. Hún hefur hlotið margs konar viðurkenningar fyrir leik sinn, meðal annars þriðju verðlaun í einleikarakeppni Trinity College of Music 2004 og árið 2007 hlaut hún flautuverðlaunin og einnig kammertónlistarverðlaunin sem veitt eru árlega í Royal College of Music.

**Siu Chui Li** píanóleikari lærði við Guildhall School of Music and Drama í London hjá Joan Havill og síðar við Royal College of Music hjá Andrew Ball þaðan sem hún lauk prófi með hæstu einkunn. Hún er nú eftirsóttur meðleikari og hefur komið fram á tónleikum í Frakklandi, Belgíu, Íslandi, Svíþjóð, Spáni, Portúgal, Þýskalandi, Grikklandi, Sviss, Suður Kóreu og um allt Bretland.

Siu Chui hefur leikið á ýmsum tónlistarhátíðum, svo sem West Cork tónlistarhátíðinni, Chichester hátíðinni og Festival du Menton í Frakklandi. Á Englandi hefur hún komið fram í tónleikasölum á borð við De Montford Hall í Leicester og í London í Blackheath Halls, Wigmore Hall, The Royal Opera House, Purcell Room og Royal Festival Hall.

Siu Chui og Emilía Rós hafa unnið saman síðastliðin fimm ár og haldið marga tónleika í Bretlandi. Einnig hafa þær tekið þátt í alþjóðlegum tónlistarkeppnum.

**Anna Guðný Guðmundsdóttir** brautskráðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1979 og stundaði Post Graduate nám við Guildhall School of Music and Drama í London með sérstaka áherslu á kammertónlist og meðleik með söng. Meðal kennara hennar voru Stefán Edelstein, Hermína S. Kristjánsson, Jón Nordal, Margrét Eiríksdóttir, James Gibb og Gordon Back. Hún hefur starfað á Íslandi í aldarfjórðung við margvísleg störf píanistans, aðallega í samleik ýmiss konar en einnig sem einleikari. Hún kenndi við tónlistardeild Listaháskóla Íslands frá stofnun hennar 2001 til haustsins 2005 er hún var fastráðin píanóleikari að Sinfóníuhljómsveit Íslands.



Anna Guðný hlaut Íslensku Tónlistarverðlaunin 2008 sem tónlistarflytjandi ársins fyrir heildarflutning á tónverkinu „Tuttugu tillit til Jesúbarnsins“ eftir Olivier Messiaen.

# Summer Concerts

Flautist **Emilía Rós Sigfúsdóttir** graduated in 2003 from the Reykjavík College of Music, where she studied with Bernharður Wilkinson and Hallfríður Ólafsdóttir. She furthered her studies at the Trinity College of Music in London with Wissam Boustany and received a Postgraduate Diploma with distinction in 2004. Since 2006 she has studied with Susan Milan at the Royal College of Music, and is due to receive a Master's degree in July this year. She has attended masterclasses with leading artists such as Jeanne Baxtresser, William Bennett, Robert Dick, Paul Edmund-Davies, Sir James Galway, Áshildur Haraldsdóttir, Peter Lloyd, Lorna McGhee, Jaime Martin and Manuela Wiesler.

Emilía Rós has performed as a soloist e.g. with the Iceland Symphony Orchestra, the Trinity College of Music Symphony Orchestra, and Orquestra Sinfonica Nacional in Brazil. She has frequently given recitals in Iceland, UK, Canada and Malta. In June 2004 she received third prize in the Trinity College of Music soloists' competition. In May 2007 she won the Flute Prize at the Royal College of Music, as well as the Chamber Music Prize.



Pianist **Siu Chui Li** studied at the Guildhall School of Music and Drama with Professor Joan Havill and continued her studies at the Royal College of Music with Andrew Ball on the Chamber Music and Piano Accompaniment, graduating with Distinction. Siu Chui is now in demand as a collaborative pianist, and has given chamber concerts in France, Belgium, Iceland, Sweden, Spain, Portugal, Germany, Greece, Switzerland and South Korea and throughout the British Isles.

Siu Chui Li has performed at various festivals including the West Cork Chamber Music Festival, Chichester Festival and Festival du Menton in the South of France. In England she has performed notable venues such as De Montford Hall, Leicester, and in London the Blackheath Concert Halls, Wigmore Hall, Royal Opera House, Purcell Room and the Royal Festival Hall.

Emilía Rós Sigfúsdóttir and Siu Chui Li have performed together over the last five years, giving a number of recitals in Britain as well as participating in international music competitions.

**Anna Guðný Guðmundsdóttir** completed her soloist's examination at the Reykjavík College of Music in 1979. She continued her studies in London at the Guildhall School of Music, where she received her Post Graduate diploma with a focus on chamber music and lieder accompaniment. Anna Guðný has been active as a soloist and accompanist in Iceland for the last 25 years. Her performances can be heard on around 30 CDs. She taught at the Iceland Academy of the Arts Music Department from its foundation in 2001 until 2005, when she was appointed pianist of the Iceland Symphony Orchestra.

Anna Guðný received the Iceland Music Award in 2008 for her performance of Olivier Messiaen's 'Twenty Gazes on the Infant Jesus' in September 2008.

# Sumartónleikar

**Claudia Kunz - Eisenlohr** nam við Richard Strauss tónlistarháskólann í München og tók einnig þátt í námskeiðum hjá Hans Hotter, Daniel Ferro og Norman Shettler. Hún hefur komið fram í flestum þekktustu óperuhúsum Evrópu. Á árunum frá 1987 til 1993 var hún fastráðin við óperuna í Mannheim í Þýskalandi og frá 1992 – 1998 við Semper óperuna í Dresden. Frá árinu 2003 hefur hún verið prófessor í söng við Tónlistarháskólann í Köln/Aachen.

Claudia hefur sungið öll hlutverk úr óperum Mozarts sem hæfa hennar raddsviði og af öðrum hlutverkum má nefna Musettu í „La Boheme“, Soffíu í „Rosenkavalier“, Zerbinetta í „Ariadne auf Naxos“, Agötu í „Der Freischütz“, öll sópran hlutverk „Ævintýra Hoffmans“ í uppsetningu Harry Kupfer við Komische Oper Berlin og Rosalinde í „Leðurblökunni“ eftir Strauss. Einnig hefur hún sungið stór hlutverk í nútímaóperum, meðal annars „Intolleranza“ eftir Luigi Nonos. Claudia kemur einnig mikið fram á tónleikum og þá með efnisskrá sem spannar verk frá Purcell og Bach til nútíma tónskálda á borð við John Cage.

**Ulrich Eisenlohr** stundaði framhaldsnám í píanóleik hjá Rolf Hartmann við tónlistarháskólann í Heidelberg/Mannheim og meðleik við ljóðasöng hjá Konrad Richter við tónlistarháskólann í Stuttgart. Að loknu námi hófst farsæll ferill hans sem meðleikari með fjölda hljóðfæraleikara og söngvara í Evrópu, Ameríku og Japan. Ulrich hefur leikið inn á upptökur fyrir þekktar hljómplötuútgáfur á borð við Sony Classical, Naxos, Harmonia Mundi og CPO. Upptökur hans hafa hlotið viðurkenningar og verðlaun, meðal annarra German Record Critics' Quarterly Award, a Grand Prix International sem Académie du Disque Lyrique í Paris veitir, the Classical Internet Award, og Supersonic Award frá hinu þekktu tímariti Pizzicato. Ulrich er listrænn stjórnandi og píanóleikari heildarútgáfu á ljóðasöngvum Schuberts hjá Naxos, en því verki lýkur á þessu ári.

Frá 1982 hefur Ulrich Eisenlohr stýrt ljóðadeild Tónlistarháskólans í Mannheim og verið gestakennari við Tónlistarháskólana í Frankfurt og Karlsruhe ásamt því að halda meistaranámskeið í ljóðatúlkun.

**Grímur Helgason** hefur spilað á klarinettu frá átta ára aldri og fyrstu kennarar hans voru Óskar Ingólfsson, Oddur Hendse og Gunnar Kristmannsson. Síðar lá leið hans í Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem Sigurður I. Snorrason kenndi honum. Árið 2004 hóf Grímur nám við Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Einars Jóhannessonar og útskrifaðist hann þaðan vorið 2007. Hann stundar nú nám við Conservatorium van Amsterdam hjá Hans Colbers og útskrifast þaðan í vor.



Grímur hefur á undanförunum árum leikið með margs konar tónlistarhópum. Má þar nefna Kammerhljómsveitina Ísafold, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Aton, Hjaltalín og sígauna-djass hljómsveitina Hrafnaspark. Í janúar 2007 lék Grímur einleik í klarinettukonsert Geralds Finzi með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

# Summer Concerts



**Claudia Kunz - Eisenlohr** studied at the Richard Strauss Academy of Music in Munich. She took part in masterclasses held by Hans Hotter, Daniel Ferro and Norman Shettler. She has appeared in major roles at numerous important opera houses throughout Europe. Between 1987 and 1993 she was engaged at the National Theatre in Mannheim and from 1992 to 1998 at the Semper Oper in Dresden.

Her opera repertoire includes Mozart's soprano roles, Musetta in 'La Bohème', Sophie in the 'Rosenkavalier', Zerbinetta in 'Ariadne auf Naxos', Agathe in 'Der Freischütz' all soprano roles in 'Les Contes d'Hoffmann' in a staging by Harry Kupfer at the Komische Oper Berlin, Rosalinde in 'Fledermaus', and some major roles in contemporary operas, among them Luigi Nono's 'Intolleranza'.

She also performs recitals with a repertoire from Purcell and Bach to modern composers such as John Cage. Since 2003 she has been Professor of Voice at the University of Music in Cologne/Aachen.



Pianist **Ulrich Eisenlohr** studied the piano at the Academy of Music in Heidelberg/Mannheim with Rolf Hartmann, and Lieder with Konrad Richter in Stuttgart. After his studies he started an extensive concert career with numerous instrumental and vocal partners in Europe, America and Japan.

Ulrich Eisenlohr has recorded for leading recording companies such as Sony Classical, Naxos, Harmonia Mundi and CPO. Several of his recordings have been awarded major prizes, e.g. the German Record Critics' Quarterly Award, a Grand Prix International from the Académie du Disque Lyrique in Paris, the Classical Internet Award, and a Supersonic Award by the leading music magazine Pizzicato. The recording of all Schubert's songs is by now an important focus of his artistic work, a project that will be finished this year.

Ulrich Eisenlohr has been a lecturer at the Conservatories of Music in Frankfurt and Karlsruhe and since 1982 he has been an associate professor for Lieder-class at the Mannheim Academy of Music.

**Grímur Helgason's** first clarinet teachers were Óskar Ingólfsson, Oddur Hendse, Gunnar Kristmannsson and, at the Reykjavík College of Music, Sigurður I. Snorrason. Grímur continued his studies with Einar Jóhannesson at the Iceland Academy of the Arts, where he graduated in May 2007. Currently he is pursuing his studies at the Conservatorium van Amsterdam with Professor Hans Colbers and expects to graduate this spring.

Grímur Helgason has worked with a number of music groups, including the Ísafold Chamber Orchestra, the North Iceland Symphony Orchestra and Njúton. In January 2007 Grímur performed Gerald Finzi's Clarinet Concerto with the Iceland Symphony Orchestra.



# Sumartónleikar

**Hrönn Þráinsdóttir** nam píanóleik hjá Erlu Stefánsdóttur við Tónmenntaskólann í Reykjavík og hjá Jónasi Ingimundarsyni við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan burtfararprófi 1998.

Framhaldsnám stundaði hún í Þýskalandi, lauk diplóma kennaraprófi vorið 2004 frá tónlistarháskólanum í Freiburg og tók meðleik við ljóðasöng sem aukafag. Kennarar hennar voru Dr. Tibor Szasz í píanóleik og Hans-Peter Müller við ljóðasöngdeild. Að því loknu nam hún við tónlistarháskólann í Stuttgart undir handleiðslu Cornelis Witthoefft þar sem hún lauk sérhæfðu Diploma námi við ljóðasöngdeild skólans sumarið 2007.

Hrönn hefur komið fram á tónleikum víða, m. a. í Þýskalandi, Austurríki, Ítalíu og á Íslandi, sem einleikari, meðleikari og við flutning kammertónlistar.

Hún hefur verið meðlimur kammersveitarinnar Ísafoldar frá árinu 2004 en sveitin hlaut íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjandi ársins 2007. Hrönn er kennari við Söngskólann í Reykjavík.

**Elfa Rún Kristinsdóttir** útskrifaðist frá Tónlistarháskólanum í Freiburg í Þýskalandi í febrúar 2007 þar sem hún lærði hjá Rainer Kussmaul prófessor og í mars síðastliðnum hóf hún nám undir handleiðslu Carolin Widmann prófessor í einleikardeild Tónlistarháskólans í Leipzig.

Hún hefur leikið einleik bæði heima og erlendis með ýmsum hljómsveitum, m. a. Sinfóníuhljómsveit Íslands, Royal Chamber Orchestra Tokyo í Japan og Akademisches Orchester Freiburg í Þýskalandi. Hún er stofnmeðlimur Kammersveitarinnar Ísafoldar og hefur leikið með Solistenensemble Kaleidoskop í Berlín frá árinu 2006. Elfa Rún hlaut fyrstu verðlaun í Johann Sebastian Bach fíðlukeppninni í Leipzig árið 2006 og það ár hlaut hún einnig hvatningarverðlaun Evrópska menningarsjóðsins Pro Europa í Baden Baden og var valin bjartasta von Íslensku Tónlistarverðlaunanna.

Í ár mun Elfa Rún koma fram sem einleikari og með kammerhópum í Sviss, Frakklandi, Þýskalandi, Íslandi og Ameríku. Einnig er væntanlegur geisladiskur með fíðlukonsertum eftir J.S. Bach í flutningi hennar og Solistenensemble Kaleidoskop.

**Michael Rauter** hóf ungur sellónám, en varði unglingsárum mest sem gítarleikari, söngvari og að gefa út tónlist (metal / hiphop / electro). Hann stundaði framhaldsnám í sellóleik hjá Hans Christian Schweiker í Achen og í Tónlistarakadémiunni í Berlín hjá Jens Peter Maintz.

Sem einleikari hefur Michael meðal annars komið fram með Mendelssohn Kammerorchester Leipzig og Philharmonischen Orchester Budweiss.

Michael hefur meðal annars spilað með Ensemble Modern og „Klangforum Wien“ Ensemble Akademiunni. Hann hefur einnig komið fram í leiksýningum í Maxim Gorki leikhúsinu í Berlín.

Árið 2006 stofnaði hann, ásamt kanadíska stjórnandanum Julian Kuerti, Solistenensemble Kaleidoskop í Berlín og hefur verið listrænn stjórnandi þess síðan.





# Summer Concerts



Pianist **Hrönn Þráinsdóttir** graduated from the Reykjavík College of Music in 1998. She furthered her studies in Germany, first at the Staatliche Hochschule für Musik in Freiburg im Breisgau, where her principal teachers were Dr. Tibor Szasz and Hans-Peter Müller. She graduated in 2004 with a diploma in music performance, lied-accompaniment and music education. In 2007 she received a Master's

degree from the faculty of lyrics at the Staatliche Hochschule für Musik und Darstellende Kunst in Stuttgart, after studying there with professor Cornelis Witthoefft.

Hrönn Þráinsdóttir has performed in concerts and accompanied singers in Iceland, Germany, Italy and Austria, and has performed contemporary music at the UNM Scandinavian Modern Festival in 1998 and 2002 in Reykjavík. She is a member of the new music ensemble Ísafold Chamber Orchestra, which won the prize as the 'best performer' at the Iceland Music Awards in 2007.

Currently she teaches at the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts.

Violinist **Elfa Rún Kristinsdóttir** graduated in February 2007 from Freiburg Music Conservatory, where she studied with Professor Rainer Kussmaul. Currently she pursues her studies at University of Music and Theatre in Leipzig with Carolin Widmann. She has attended masterclasses with Antje Weithaas, Zahkar Bron, Gérard Poulet, Remus Azoitei, Thomas Zehetmair and the Artemis Quartet, and worked with artists such as Trevor Pinnock, John Holloway, Bernhard Forck and Thomas Hengelbrock.

Elfa Rún has numerous successful solo performances behind her with e.g. the Iceland Symphony Orchestra, Tokyo Royal Chamber Orchestra and the Akademisches Orchester Freiburg. She is a member of the Solistenensemble Kaleidoskop in Berlin and of the Ísafold Chamber Orchestra. She has participated in music festivals such as the Sarasota Music Festival, the International Summer Music Academy in Leipzig and the Lucerne Festival Academy. In 2006 she received the Grand Prize of the International J. S. Bach Competition in Leipzig and was chosen 'Best Newcomer' of the Iceland Music Awards, and the same year she was granted the European Council's Pro Europa incentive award.



**Michael Rauter** was born in Switzerland and began studying the cello at the age of seven. In his teens he was mostly active as a guitarist, producer and singer in various bands (metal/ hiphop/ electro). He furthered his cello studies and chamber music in Aachen with Professor Hans-Christian Schweiker, and in Berlin with Jens Peter Maintz and the Artemis Quartet.

He has appeared as a soloist e.g. with Mendelssohn Kammerorchester in Leipzig and Philharmonischen Orchester Budweiss. He works in the theatre, writing music and performing in various theatre and dance productions. Michael is founder and artistic director of the Solistenensemble Kaleidoskop in Berlin.

# Sumartónleikar

**Bára Grímsdóttir** hefur sungið og leikið íslensk þjóðlög um árabil en hún er einnig tónskáld og vel þekkt fyrir kórtónlist sína. Hún ólst upp á ættaróðalinu, Grímstungu í Vatnsdal, við söng og kveðskap foreldra sinna og afa og ömmu. Bára hefur komið fram víða hér heima, í Evrópu og Norður Ameríku með Sigurði Rúnari Jónssyni og Njáli Sigurðssyni og einnig sem meðlimur hópsins Emblu sem hún tók þátt í að stofna.



Árið 2001 hóf hún samstarf við enska söngvarann og gítarleikarann Chris Foster, sem hún vinnur enn með og eru þau að gera frábæra hluti. Árið 2004 gaf hún út disk sem ber nafnið *FUNI* ásamt Chris og John Kirkpatrick.

**Chris Foster** er frá suðvestur Englandi. Hann er snillingur á sínu sviði, var nýverið lýst sem einum „af bestu söngvurum og gítarleikurum sem sprottið hafa upp úr enska þjóðlagatónlistargeiranum á áttunda áratugnum“. Hann hefur spilað víða um Bretlandseyjar, Evrópu og Norður - Ameríku. Chris hefur gefið út sex einleikspötur og leikið inn á fjölda platna með öðrum listamönnum.

Bára og Chris stofnuðu tvíeykið *FUNI* árið 2001. Þau syngja og leika undir á gítar, kantele, íslenska fíðlu og langspil. Þau hafa leikið saman á tónleikum og hátíðum í Írlandi, Hollandi, Belgíu, Ungverjalandi, Bandaríkjunum og Kína sem og víða á Bretlandseyjum og Íslandi.

**Einar Clausen** nam við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og hefur sótt söngnámskeið og einkatíma hjá David Jones, Ian Partridge, Helene Karusso og Alex Ashworth. Hann hefur starfað við tónlist frá árinu 1990 og alfarið sem söngvari frá árinu 2006.



Einar hefur sungið með fjölda kóra, kirkjukóra og kammerhópa, svo sem Voces masculorum, kórum Langholtskirkju, Schola Cantorum og Hljómeyki. Hann er einn af stofnendum karlakvartettsins Út í vorið.

Hann hefur komið fram sem einsöngvari með kórum og hljómsveitum og sungið hlutverk svansins í Carmina Burana eftir Carl Orff, tenórhlutverkið í Misa Criolla og Navidad Nuestra eftir Ariel Ramirez, tenórhlutverkið í Theresíumessu Haydns, hlutverk Guðspjallamannsins í Mattheusarpassiunni eftir Bach og barítónhlutverkin í Requiem eftir Gabriel Fauré og Mass of the Children, eftir John Rutter. Þá hefur Einar frumflutt verk eftir tónskáldin John Speight og Gunnstein Ólafsson.

**Sólveig Anna Jónsdóttir** stundaði píanóleik við Tónlistarskólann á Akureyri, Tónlistarskólann í Reykjavík og Tónlistarháskólann í Houston í Texas. Meðal kennara hennar voru Philip Jenkins, Halldór Haraldsson og Nancy Weems. Sólveig Anna hefur lengst af haft píanókennslu og meðleik með nemendum að aðalstarfi, nú undanfarið í Tónlistarskóla Kópavogs þar sem hún er einnig deildarstjóri píanódeildar. Hún hefur einnig starfað með einsöngvurum og kórum, einleikurum og kammerhópum og komið fram á tónleikum hérlendis og erlendis.



# Summer Concerts

**Bára Grímsdóttir** has been singing Icelandic folk songs for many years. She is also well known in Iceland as a composer, especially of choral music. She grew up on a farm, Grímsunga in Northern Iceland, where she was surrounded by the sounds of traditional singing amongst her family members. She has performed widely in Iceland as well as in Europe and North America with Sigurður Rúnar Jónsson, Njáll Sigurðsson and in the group Embla of which she was a founder member.

In 2001 she started working with the English singer and guitarist Chris Foster, with whom she continues to uncover and perform gems from the huge treasure-house of Icelandic traditional song. In 2004 she released the CD *FUNI*, recorded with Chris Foster and John Kirkpatrick.



**Chris Foster** comes from the south-west of England. He is a master of his trade, recently described as “one of the great singer guitarists to come out of the English folk song revival in the 1970’s”. He has performed widely in Europe and North America and throughout the British Isles. He has released six solo albums as well as working on many recording projects with other people.

The *FUNI* duo was formed by Bára Grímsdóttir and Chris Foster in 2001 to perform a mixture of English and Icelandic traditional songs. They sing and accompany themselves on guitar, kantele and the traditional Icelandic instruments *langspil* and *fiðla*. Over the past seven years they have performed in concerts and festivals in Ireland, the Netherlands, Belgium, Hungary, the USA and China as well as touring throughout Iceland and the British Isles.

Tenor **Einar Clausen** studied at the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts with Ólöf Kolbrún Harðardóttir. He has also attended numerous master classes with David L. Jones, Ian Partridge, Helene Karusso and Alex Ashworth.

Einar has appeared with a wide variety of choirs and ensembles, e.g. Voces masculorum, the choirs of Langholt Church, Schola Cantorum and Hljómeyki. He is also a founding member of the male voice quartet *Út í vorið*. He has performed as a soloist with numerous choirs and orchestras.

Einar has sung the role of the swan in Carl Orff’s *Carmina Burana*, the tenor role in Josef Haydn’s *Theresien Messe* and in *Misa Criolla* and *Navidad Nuestra* by Ariel Ramirez, the Evangelist in Johann Sebastian Bach’s *St. Matthew Passion*, and the baritone roles in Gabriel Fauré’s *Requiem* and John Rutter’s *Mass of the Children*. In addition Einar has premiered music by composers John Speight and Gunnsteinn Ólafsson.

**Sólveig Anna Jónsdóttir** was born in Akureyri and studied the piano with Philip Jenkins at Akureyri Music School, Halldór Haraldsson at Reykjavík College of Music, and with Nancy Weems at the University of Houston in Texas. Besides

# Sumartónleikar

**Snorri Sigfús Birgisson** stundaði fyrst píanónám hjá Gunnari Sigurgeirssyni en innritaðist síðan í Tónlistarskólann í Reykjavík. Þar lærði hann á píanó hjá Hermínu S. Kristjánsson, Jóni Nordal og Árna Kristjánssyni en lagði einnig stund á tónsmíðar hjá Þorkeli Sigurbjörnssyni. Hann lauk einleikaraprófi 1974.



Á árunum 1974 – 1975 stundaði hann framhaldsnám í píanóleik hjá Barry Snyder við Eastman School of Music í Bandaríkjunum, en fór þaðan til Ósló og nam tónsmíðar hjá Finn Mortensen, raftónlist og hljóðfræði hjá Lasse Thoresen og Olav Anton Thommessen. Árið 1976 fór hann til Amsterdam til tónsmíðanáms hjá Ton de Leeuw. Frá því hann lauk námi 1980 hefur Snorri starfað í Reykjavík sem tónskáld, píanóleikari, tónlistarkennari og stjórnandi. Hann er félagi í Caput-hópnum.

**Pétur Grétarsson** nam slagverk, fyrst í einkatímum hjá Guðmundi Steingrímssyni jazztrommara og síðar hjá Reyni Sigurðssyni í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Þaðan lá leið hans til Boston og stundaði hann slagverksnám hjá Dean Anderson við Berklee College of Music á árunum 1980 – 1984.

Pétur hefur leikið með ýmsum þekktum hljómsveitum, t.d. Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur, Íslensku hljómsveitinni, Stuðmönnum, Stórsveit RÚV, Sálarháská, SSSól, Caput og Bendu. Hann hefur einnig leikið í hljómsveitum leikhúsanna og samið tónlist fyrir þau. Hann hefur gert útvarpsþætti um tónlist fyrir Ríkisútvarp - rás 1. Pétur er framkvæmdastjóri Jazzhátíðar í Reykjavík og Íslensku Tónlistarverðlaunanna. Hann kennir slagverksleik við Tónlistarskóla FÍH.

**Gunnar Kvaran** kennir við Tónlistardeild Listaháskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík og heldur einnig mjög oft tónleika bæði hér heima og erlendis. Hann hefur komið fram á einleiks- og kammertónleikum í mörgum löndum Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Af einstökum stöðum má nefna Wigmore Hall í London, Carnegie Hall í New York og Beethoven Haus í Bonn. Gunnar hefur oft leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, komið fram í útvarpi og sjónvarpi og allmargar hljómplötur og diskar hafa verið gefnir út með leik hans.



# Summer Concerts

being very active in playing chamber music and accompanying singers and choirs, she teaches at the Kópavogur Music School, where she also is the head of the piano department.

Composer and pianist **Snorri Sigfús Birgisson** commenced his musical studies with Gunnar Sigurgeirsson, after which he went on to study piano at the Reykjavík College of Music with Hermína Kristjánsson, Jón Nordal and Árni Kristjánsson, and composition with Þorkell Sigurbjörnsson. He furthered his piano studies with Barry Snyder at the Eastman School of Music, USA, and composition with Finn Mortensen in Norway, where he also studied electronic music with Lasse Thoresen and sonology with Thoresen and Olav Anton Thommessen. In 1976 he moved to Amsterdam, where he studied composition for two years with Ton de Leeuw. Since his return to Reykjavík in 1980 he has been active as a musician and music teacher. His compositions include solo works, chamber works, symphonic pieces and choral music. He is a member of Caput, the Icelandic ensemble for new music.





Drummer and percussionist **Pétur Grétarsson** studied music with jazz musician Guðmundur Steingrímsson and with Reynir Sigurðsson at the Reykjavík College of Music. He furthered his percussion studies at Berklee College of Music in Boston 1980 – 84 with Dean Anderson.

Pétur has appeared with groups of wide variety, pop, jazz, classic and modern groups, including SSSól, Stuðmenn, the Iceland Symphony Orchestra, Reykjavík Chamber

Orchestra, Caput and the Benda percussion group, of which he is a founding member.

He has participated in the theatre as a drummer and composer, produced music programmes for the RÚV State Radio Channel 1. Pétur is manager of the Reykjavík Jazz Festival and the Iceland Music Awards and teaches music at the FÍH Music College.

**Gunnar Kvaran** teaches at the Department of Music at the Iceland Academy of the Arts and at the Reykjavík College of Music. He also performs extensively in Iceland and abroad, giving solo recitals and chamber music concerts in many European countries, the USA and Canada, at venues such as Wigmore Hall in London, Carnegie Hall in New York and Beethoven Haus in Bonn. Gunnar Kvaran has often performed with the Iceland Symphony Orchestra and made numerous recordings for radio and television, and he has issued many LPs and CDs.





Sculptor **Sigurjón Ólafsson** (1908-1982) has been named one of his century's most important portrait sculptors but he also developed a personal abstract style. Trained as a house painter, he entered the Danish Royal Academy of Fine Arts in 1928, from which he graduated in 1935, having supplemented his studies with a year in Rome. As an experimental sculptor he brought both classical schooling and artistic insight to a variety of materials from clay and plaster to wood, metal, stone and concrete. His versatility has inspired younger generations of Icelandic artists. His works are found in museums and private collections in Iceland, Denmark, Sweden, Italy and the United States. As one of the leading artists of Iceland, he was entrusted with numerous challenging commissions, among them a 90 m long relief at the Búrfell Power Station. Public monuments by Ólafsson in Reykjavík include the *Throne Pillars* at Höfði house, *Emblem of Iceland* close to the University Cinema and the *Pack Horse* at Hlemmur Square.

**The Sigurjón Ólafsson Museum** was founded by the artist's family who converted his studio to house a large collection of his works. The museum is situated by the seafront on the historical Laugarnes peninsula, a 30 minutes easy walk along the shore from Reykjavík city centre. The cafeteria, with a beautiful view over the ocean, is open during museum hours and after the summer concerts.

## LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR

HÝSIR HÖGGMYNDR OG TEIKNINGAR EFTIR  
SIGURJÓN ÓLAFSSON MYNDHÖGGVARA ÁSAMT  
HEIMILDUM UM LISTAMANNINN OG ER MIÐSTÖÐ  
RANNSÓKNA Á LIST HANS. SAFNIÐ, SEM ER  
SJÁLFSEIGNARSTOFNUN, VAR OPNAÐ  
ALMENNINGI ÁRIÐ 1988.



# SIGURJÓN ÓLAFSSON MUSEUM

LAUGARNESTANGI 70,  
IS-105 REYKJAVÍK, ICELAND  
TEL: (+354) 553-2906  
WWW.LSO.IS  
LSO@LSO.IS

## HOW TO GET THERE



+64 9' 11.16", -21 53' 14.28"

June 1. – September 15.  
Open daily: 14–17 except Mondays

September 16. – May 31.  
Open Saturdays and Sundays: 14–17

Closed in December and January

1. júní – 15. september  
Ópið daglega nema mánudaga 14–17

16. september – 31. maí  
Ópið laugardaga og sunnudaga 14–17

Lokað í desember og janúar